



SALASKÓLI

Þemavinna í 7. – 10. bekk

Þemavinnna í 7. – 10. bekk – lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Marmið verkefnisins

- auka fjölbreytni í kennsluháttum
- þjálfna nemendur í að vinna og skila af sér heildstæðum og viðamiklum verkefnum
- auka ábyrgð nemenda í eigin námi
- styrkja samvinnu kennara
- nýta betur fjármuni skólans

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í upphafi var hugmyndin að verkefnið næði til 5. – 10. bekkjar. Við nánari athugun þótti ráðlegt að keyra verkefnið á fjórum árgöngum og sleppa 5. og 6. bekk. Ástæðan var að umfangið var of mikið og hætta á að ekki næðist að vinna verkefnið af þeim krafti sem nauðsynlegt er með þróunarverkefni af þessu tagi. Með þessu móti voru kennararnir sem unnu verkefnið sjö auk eins sérkennara. Nemendur sem tóku þátt voru um 140.

Átta kennslustundir á viku voru teknar undir þemavinnu á stundaskrá allra bekkjanna. 7. og 8. bekkur vann saman í þematímunum og var nemendum raðað í fjóra 18 – 19 manna hópa. Í hverjum hópi var blanda nemenda úr öllum bekkjunum fjórum. Hóparnir breyttust milli þema. Samskonar fyrirkomulag var í 9. og 10. bekk, en þar voru þó þrjú rúmlega 20 manna hópar. Tvær kennslustundir fjórum sinnum í viku.

Með þessu urðu til tvö teymi kennara sem skipulögðu og undirbjuggu þemakennsluna, sumpart hvort í sínum lagi og sumpart unnu teymin saman. Verkefnisstjóri var skólastjóri og í verkefnisstjórn voru tveir kennarar og komu hvor úr sínu teyminu. Í upphafi fór mjög mikill tími í skipulagningu og undirbúning og voru fundir nánast daglega fyrstu vikunnar. Eftir því sem leið á veturinn varð vinnan kennurunum tamari og auðveldari og vinnufundir voru að jafnaði vikulega.

Skólaárinu var skipt upp í þematímabil og voru tekin fjögur þemu fyrir áramót og sex þemu eftir áramót. Inn á milli þematímabila voru í sumum tilfellum tekin 2-4 tímabil með öðruvísi viðfangsefnum, s.s. eins og kvikmyndagagnrýni, tölvukennsla og lífsleikni. Það reyndist mikilvægt til að búa til skýr skil á milli þema.

Þess var gætt að hvert verkefni væri þverfaglegt og með góð tengsl við markmið Aðalnámskrár grunnskóla. Í upphafi fengu nemendur í hendur upplýsingar á blaði um þemað þar sem tilgreind voru helstu markmið, viðfangsefni, námsefni og hvernig námsmátið yrði. Áhersla var lögð á fjölbreytt viðfangsefni, fjölbreytt vinnubrögð og að hægt væri að nálgast viðfangsefnið með ólíkum hætt. Vinnan fór fram á ýmsum stöðum í skólanum og jafnvel utan hans. Auk kennslustofanna var skólasafnið og tölvuver mikið notuð og nemendur unnu einnig á göngum skólans. Þá þurftu þeir stundum að fara í vettvangsferðir til að afla fanga í vinnunna. Öllum verkefnum lauk á skilum, oftast kynntu nemendur verkefni sín fyrir samnemendum sínum.

Námsmat var fjölbreytt. Kennarar mátu verkefni og gáfu umsagnir og einkunnir, nemendur mátu sjálfir vinnu sína og félaga sinna, nemendur bjuggu til próf fyrir aðra nemendur o.s.frv.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í upphafi var hugmyndin að verkefnið næði til 5. – 10. bekkjar. Við nánari athugun þótti ráðlegt að keyra verkefnið á fjórum árgöngum og sleppa 5. og 6. bekk. Ástæðan var að umfangið var of mikið og hætta á að ekki næðist að vinna verkefnið af þeim krafti sem nauðsynlegt er með þróunarverkefni af þessu tagi. Með þessu móti voru kennararnir sem unnu verkefnið sjö auk eins sérkennara. Nemendur sem tóku þátt voru um 140.

Mat á verkefninu var lítið eitt öðru vísi en gert var ráð fyrir í áætlun. Þeir kennara sem að verkefninu komu tóku sérstaka matsfundu tvisvar á skólaárinu, auk þess mats sem fór fram á reglulegum fundum teymanna. Kannanir voru ekki lagðar fyrir nemendur eins og áætlað var. Nægilegt þótti að fá viðhorf þeirra í óformlegum viðtölum, auk þess sem þeir tjáðu sig um þemavinnuna í Skólalapsinum.

Framkvæmdin var að öðru leyti í samræmi við áætlun.

Ávinningur og niðurstöður

Þemavinnan jók fjölbreytni í kennsluháttum á í 7. – 10. bekk. Þannig tókst að koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda og mismunandi styrkleika þeirra auk þess sem þeir öxluðu meiri ábyrgð á námi sínu en áður. Í hverju þema blómstruðu einhverjir nemendur og fengu að njóta sín sem þeir hefðu ella ekki gert í hefðbundinni kennslu. Félagslegi þátturinn styrktist einnig talsvert þar sem mikil blöndun var á milli bekkja og árganga. Nemendur fengu mikla þjálfun í að setja mál sitt fram með skipulegum hætti og flytja það fyrir framan hóp. Þá ýtti þemavinnan undir kennslufræðilega umræðu kennara sem er mjög mikilvægt. Kennarar á þessu aldurstigi kenna yfirleitt námsgreinar og samvinna þeirra er fremur skipulegs eðlis en á kennslufræðilegum grunni. Þemavinnan sameinaði þá í kennslufræðilegri samræðu.

Nokkrir einstaklingar í röðum nemenda eiga erfitt með vinnu af þessu tagi. Þeim var mætt í litlu kennsluveri með hjálp sérkennara. Þar gátu þeir unnið í litlum hópum að hluta og gagnaðist það þeim mjög vel. Þeir unnu þannig mikilvæga námslega sigra enda fengu þeir að vinna á sínum styrkleikum.

Mjög sterkir námsmenn í röðum 10. bekkja kvörtuðu í upphafi undan gagnsleysi vinnunnar þar sem þeir þyrftu allan tímann í að undirbúa sig undir nám í framhaldsskóla. Eftir því sem á leið dró úr þessari gagnrýni. Ljóst er að kynna þarf betur fyrir nemendum mikilvægi þverfaglegar vinnu af þessu tagi.

Einn mikilvægur ávinningur var að fjármunir skólans til kennslu nýttust betur með þessum hætti. Bekkjardeildir er fremur smáar en í þemavinnunni var hægt að hafa námshópa stærri. Þannig voru námshópar í 9. og 10. bekk þrír í þemavinnunni en fjórir í annarri kennslu.

Mat á verkefninu

Kennarar eru sammála um að verkefnið hafi heppnast vel og framhald eigi að vera á því. Það hefur auðgað námið sem og starf kennaranna. Þeir telja þó að kennslustundum í þema megi fækka úr átta í sex og það geti gert vinnu nemenda markvissari.

Þemavinna er nokkur á yngsta stigi í skólanum en hana má taka upp með skipulegum hætti í 5. og 6. bekk eins og var reyndar ætlunin í upphafi. Stefnt verður að því að gera það næsta skólaár.

Þemavinnan hefur einnig haft jákvæð áhrif á skólastarfið í heild með þeim hætti að nemendur unglingadeildar eru nú einnig við nám á göngum. Það lífgar upp á lífið í skólahúsinu og þeir eru yngri nemendum góð námsleg fyrirmynd.

Áætlun um kynningu

Skýrsla um verkefnið verður á heimasíðu skólans og aðgengileg öllum þar. Við munum einnig kynna það fyrir nemendum og foreldrum í upphafi næsta skólaárs en mikilvægt er að halda þeim upplýstum um breytingar af þessu tagi. Þá verður verkefnið kynnt fyrir öllu starfsfólki Salaskóla. Markmiðið er að skólasamfélagið sé vel upplýst um verkefnið.

Viðauki
Lýsingar á þemaverkefnum

Þemaverkefni 1 - Ofurhetjur

7. - 8. bekkur

Þemaverkefnið Ofurhetjur 25. ágúst – 10. september: 22 kennslustundir, hverjum nemendahóp er skipt upp í 3-4 manna hópa innbyrðis. Nemendur fá afhenda matsbók sem kennarar geyma. Nemendur halda stuttan fund í lok hverrar kennslustundar þar sem þau færa í dagbók það sem unnið var - mappa skilin eftir hjá kennara.

Nemendur verða hjá sama kennara allan tíma í þessu tiltekna þemaverkefni. Þegar þessu þemaverkefni líkur munum við taka þemafrí og gefa kennurum kost á að kynnast nemendum. Þá munu nemendahópar koma til kennara sem hér segir:

Markmið: að nemendur

- eflist við að vinna í hóp
- skoði mismunandi ofurhetjur út frá jákvæðum/neikvæðum ímyndum (staðalímyndir)
- hvað felst í orðinu hetja?
- kynnist ólíkum hugmyndum um ofurhetjur, karlar/konur
- geri sér grein fyrir vinnunni sem fer í að móta og skapa ofurhetjur
- þekki helstu hetjur og vinnuferlið við að búa til sína eigin hetju
- tengi ofurhetjur við daglegt líf líkt og t.d. Superman hversdagslíf/óraunverulegt líf
- geti útskýrt hvers vegna fólk sækir í ofurhetjur.. af hverju urðu þær til?

Viðfangsefni og verkefni

Vika 1.

Miðvikudagur: Kveikja og kynning á verkferlum og mati.

Hugarkort – hver hópur býr til sitt og notar það sem grunn fyrir verkefnið.

Fimmtudagur: Dagbók – kenna þeim að halda utan um vinnuferlið.

Þegar valin hefur verið hópstjóri, skrá nemendur verkaskiptingu innan hópsins

og annað sem á að koma fram í dagbók.

Föstudagur: Lýsing og saga – ofurkraftar og veikleikar - erkióvinir, aðrir óvinir. Ofurhetja verður til.

Vika 2.

Mánudagur: Áframhald frá föstudegi.

Miðvikudagur: Útlitshönnun og aukahlutir. Skrá niður hvað á að nota í dagbók.

Fimmtudagur: Áframhald frá miðvikudegi, nemendur týna til efni sem á að nota í verkefnið.

Föstudagur: Áframhaldandi vinna við útlitshönnun

Vika 3.

Mánudagur: Ofurhetjan er til – lokaafurðin formuð

Miðvikudagur: Unnið að lokaafurð. Nemendur undirbúa kynningu á sinni ofurhetju.

Fimmtudagur: Dagbækur kláraðar og kynningar hefjast.

Föstudagur: Kynningar á ofurhetjum. Kynning á matsaðferð, sjálfsmat unnið í kjölfarið og skilað til kennara.

Námsmat

- Nemendur halda fund í lok hverrar kennslustundar og færa í dagbók.
- Hugtakakort er grunnurinn að vinnunni, geymist með dagbók í möppu
- Hver færsla hefst á dagsetningu og tímasetningu.
- Gera grein fyrir verkaskiptingu í hópnum.
- Urðu einhverjar breytingar á vinnuferlinu þennan dag – hafa hugarkort við hendina
- Í lok þematímabils er gerð samantekt á vinnuframlagi hvers og eins (undirbúningur fyrir jafningjamat).
- Sjálfsmat – nemandi metur sjálfan sig með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.
- Jafningjamat – nemandi metur hópfélagana með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.

Dæmi um samantekt:

Stína vann verkefni um Holtasóley í þemanu Íslenskar plöntur. Hún stóð sig vel og mætti á réttum tíma, en var stundum pirruð ef aðrir stóðu ekki við verkáætlun.

Leiðbeiningar til nemenda

- Kveikja – myndband, blöð, umræða um ofurhetjur kvk. og kk.
- Almennar upplýsingar frá kennara til nemenda.
- Unnið að lokaafurð, fyrst og fremst æfing í þemavinnu og hópstarfi.
- Upplýsingar um verkefnið þurfa að vera aðgengilegar í stofu.

Undirbúningur

- Safna efni t.d. málning, karton, maskínupappír, litir, penslar garn, lím ofl.
- Finna eitthvað efni um ofurhetjur á neti, blöðum eða í bókum – myndrænt
- Hvetja nemendur til að koma með að heiman allt sem þeir geta nýtt sér um ofurhetjur innan skynsamlegra marka t.d. ekki tölvuleiki.
- Nemendur setja línustrikuð blöð í möppurnar til að halda dagbók.
- Gera matsblöð/hefti
- Finna myndband og setja tengil á aðgengilegan stað fyrir alla kennara
- Hvernig á að hafa fyrstu kveikju, hver og einn eða allir saman á sal?
- Hvernig eiga nemendur að kynna verkefni sín? Nokkrir útgangspunktur???

Markmið með ofurhetjubemanu eru:

- hópefli
- skoða mismunandi ofurhetjur út frá jákvæðum/neikvæðum ímyndum
- kynnst ólíkum hugmyndum um ofurhetjur, karlar/konur
- gera sér grein fyrir vinnunni sem fer í að móta og skapa ofurhetjur
- þekkja helstu hetjur og vinnuferlið við að búa til sína eigin hetju
- tengja ofurhetjur við daglegt líf líkt og t.d. Superman hversdagslíf/óraunverulegt líf
- geta útskýrt hvers vegna fólk sækir í ofurhetjur.. af hverju urðu þær til?

A **superhero** is someone with "extraordinary or superhuman powers" who is dedicated to protect the public. Since the superhero Superman was born in 1938, stories of superheroes - have dominated American comic books and crossed over into other media. The word itself dates to at least 1917. A female superhero is sometimes called a **superheroine**.

Characters do not have to have actual superhuman powers to be superheroes although terms such as **costumed crime fighters** are sometimes used to refer to those such as Batman without such powers who share other common superhero traits. Such characters were generally referred to as "mystery men" in the old days to distinguish them from characters with super-powers.

Normally, superheroes use their powers to stop day-to-day crime while also combating threats against humanity by supervillains, criminals with superpowers in the same way as superheroes. One of these supervillains is often the superhero's archenemy such as Lex Luther is Supermans archenemy.

Superheroes or supervillains are often connected to the space/aliens.

Námsmat

- Nemendur halda fund í lok hverrar kennslustundar þar sem unnið er í dagbók.
- Hugtakakort er grunnurinn að vinnunni, geymist með dagbókum í möppu
- Hver færsla hefst á dagsetningu og tímasetningu.
- Gera grein fyrir verkaskiptingu í hópnum.
- Urðu einhverjar breytingar á vinnuferlinu þennan dag – hafa hugarkort við hendina
- Í lok þematímabils er gerð samantekt á vinnuframlagi hvers og eins (undirbúningur fyrir jafningjamat).
- Sjálfsmat – nemandi metur sjálfan sig með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.

- Jafningjamat – nemandi metur hópfélagana með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.

Hafa fund í lok hverrar kennslustundar til að færa upplýsingar í dagbók

Vikuskipulag:

Vika 1.

- Miðvikudagur: Kveikja og kynning á verkferlum og mati.
Hugarkort – hver hópur býr til sitt og notar það sem grunn fyrir verkefnið.
- Fimmtudagur: Dagbók – kenna þeim að vinna dagbók til að halda utan um hópastarfið, þau eiga að halda stuttan fund í lok hverrar kennslustundar.
Þegar valin hefur verið hópstjóri, skrá nemendur verkaskiptingu innan hópsins og annað sem á að koma fram í dagbók.
- Föstudagur: Lýsing og saga – ofurkraftar og veikleikar - erkióvinir, aðrir óvinir.
Ofurhetja verður til.

Vika 2.

- Mánudagur: Áframhald frá föstudegi.
- Miðvikudagur: Útlitshönnun og aukahlutir. Skrá niður hvað á að nota í dagbók.
- Fimmtudagur: Áframhald frá miðvikudegi, nemendur týna til efni sem á að nota í verkefnið.
- Föstudagur: Áframhaldandi vinna við útlitshönnun

Vika 3.

- Mánudagur: Ofurhetjan er til – lokaafurðin formuð
- Miðvikudagur: Unnið að lokaafurð. Nemendur undirbúa kynningu á sinni ofurhetju.
- Fimmtudagur: Dagbækur kláraðar og kynningar hefjast.
- Föstudagur: Kynningar á ofurhetjum. Kynning á matsaðferð, sjálfsmat unnið í kjölfarið og skilað til kennara.

Hvernig held ég dagbók?

Vinumappan mín inniheldur

- ✓ Yfirlitsblað
- ✓ Sjálfsmat
- ✓ Dagbók

1. Skrái dagsetningu og tíma
2. Skrái mætingu hópfélaga (eru allir mættir)
3. Skrái verkaskiptingu sem er ákveðin í upphafi.
4. Skrái hvað var gert í tímanum.
5. Skrái hvað á að gera í næstu kennslustund.

Trúarbrögð heimsins

Hugtakið trú felur í sér þá hugmynd að í veröldinni ríki einhvers konar kraftur sem viðheldur heimsrásinni, setur náttúrunni lögmál og getur gripið inn í líf manna og örlög. Slík trú á yfirnáttúruleg máttarvöld birtist í mörgum myndum og menn telja sig geta haft áhrif á þau að vissu marki.

Markmið með þemanu Trúarbrögð heimsins eru að nemendur:

- geri sér grein fyrir og þjálfist í að ræða siðferðileg gildi og álitamál er lúta að jafnrétti, mannréttindum og misskiptingu lífsgæða í heiminum.
- geri sér grein fyrir eðli og fjölbreytileika trúarbragða og trúariðkunar og áhrifum þeirra á siði og menningu.
- nái nokkru valdi á að bera saman meginatriði ólíkra trúarbragða, svo sem sögu, guðshugmyndir, tilveruskilning, mannskilning, frelsunarleiðir, hugmyndir um dauðann, helgirit, helgisiði og siðgæði.
- geti sett sig í spor fólks úr öðrum menningarheimum.

Námsmat

- Nemendur halda dagbók í lok hvers tíma. Kennari leggur mat á dagbókina.
- Kennarinn framkvæmir símat þar sem lagt er mat á frammistöðu hvers nemanda í öllum tímum.
- Kennari leggur mat á veggspjald eftir fyrirfram ákveðnum kvarða. Hér þurfa nemendur að láta ljós sitt skína og hann frumlegt veggspjald.
- Sjálfsmat – nemandi metur sjálfan sig með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.
- Jafningjamat – nemandi metur hópfélagana með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.
- Kennari leggur mat á svör við verkefnum sem nemendur útbúa sjálfir.

Vikuskipulag:

Fyrsti tími: Kveikja lögð að verkefninu og það kynnt. Farið yfir innihald verkefnisins. Kveikja verður að öllum líkindum kvikmynd um trúarbrögð. (Religulous)

Annar tími: Farið yfir námsmat og dagbókarskrif í byrjun tíma. Haldin hugarflæðifundur þar sem öllum hugmyndum nemenda er haldið til haga. Skipt í hópa 3-4 manna hópar eða 5 hópar hjá hverjum kennara. Nemendur fá afhent yfirlitsblað og gátlista yfir það sem á að koma fram á veggspjaldi. Hóparnir draga um hvaða trúarbrögð þeir eiga að fjalla um.

Eftir þetta byrja hóparnir að viðá að sér upplýsingum úr kennslubók og afla sér upplýsinga. Þemastundir eftir þetta verða nokkuð á valdi hópanna þar sem þeir eiga að afla sér þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram á veggspjaldinu og hanna frumlega framsetningu á því.

Það hvað þemað á eftir að taka langan tíma ræðst af því hversu hratt hóparnir vinna en miðað er við um það bil 3 vikur. Kennarar hittast í lok hverrar viku og taka ákvörðun um það hvað þemað þurfi mikinn tíma í viðbót.

Gátlisti veggspjalds:

- Fjalla á um uppruna trúarinnar og reyna að segja sögu hennar.
 - Segja þarf frá helgistöðum, -siðum og hefðum og merkingu þeirra fyrir fólk sem aðhyllist trúna.
 - fjalla sérstaklega um merkar persónur sem tengjast trúarbragðinu, t.d. Jesús og Martin Lúter í kristni, Múhameð í íslam eða Siddharta Gautama í Búdda og svo framvegis.
- Sýna hvernig áhangendur trúarbragðanna dreifast um heiminn.
- Hvernig stundar venjulegt nútímafólk sín trúarbrögð?
- búa til 6 spurningar upp úr efni síns veggspjalds og setja þær á spjaldið auk þess að skila þeim til kennara ásamt svörum.

Þegar öll veggspjöldin eru tilbúin þá eiga nemendur að svara spurningum af veggspjöldum hinna hópanna og setja í þemamöppuna sína.

Þemaverkefni 2 Trúarbrögð heimsins

7. - 8. bekkur

Þemaverkefnið trúarbrögð heimsins byrjar 13. október og er áætlað að standi yfir í 3 vikur. Kennarar þurfa samt að vera viðbúnir að stytta verkefnið eða lengja allt eftir því hvernig það vinnst hjá nemendum. Nemendur halda áfram að halda dagbók en á henni verður ein breyting þar sem að nemendur fá þar til gerð blöð sem að nemendur fylla út í lok hverrar kennslustundar. Kennari sér svo um að halda utan um möppur nemenda meðan á þemanu stendur. Nemendur verða hjá sama kennara allan tíma í þessu tiltekna þemaverkefni.

Markmið; að nemendur

- Siðfræðileg markmið
 - geri sér grein fyrir og þjálfist í að ræða siðferðileg gildi og álitamál er lúta að jafnrétti, mannréttindum og misskiptingu lífsgæða í heiminum
 - geri sér grein fyrir eðli og fjölbreytileika trúarbragða og trúariðkunar og áhrifum þeirra á siði og menningu
 - nái nokkru valdi á að bera saman meginatriði ólíkra trúarbragða, svo sem sögu, guðshugmyndir, tilveruskilning, mannskilning, frelsunarleiðir, hugmyndir um dauðann, helgirit, helgisiði og siðgæði
- Trúarbragðafræðileg markmið
- Kristni
 - kynnist kristniboðsstarfi Páls postula, hvernig kristin trú breiddist út um Rómaveldi og hvernig kirkjan þróaðist undir páfans
 - skilji merkingu bænarinnar Faðir vor
 - kunni skil á siðbót Marteins Lúters og tildrögum hennar
 - kunni skil á helstu kristnu trúfélögunum sem starfa hér á landi
 - geri sér grein fyrir mikilvægi Biblíunnar í lífi kirkjunnar og kristinna manna
 - geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum
- Búdda
 - fræðist um uppruna og sögu Búddadóms, m.a. um valda þætti í sögu og kenningu Siddharta Gautama
 - þekki dæmi um helgirit Búddadóms og kynnist völdum textum úr þeim

- kynnist trúarjátningu og trúariðkun Búddatrúarmanna
- kynnist öðrum völdum þáttum Búddadóms, m.a. helgistöðum, táknum, hátíðum og siðum
- Gyðingdómur
 - kynnist þáttum úr sögu Ísraelsþjóðarinnar frá því að ríkið klofnaði og til heimkomunnar úr útleigðinni í Babýlon
 - fái vitneskju um aðstæður gyðinga síðustu aldirnar fyrir Krist
 - geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum
- Íslam
 - Kynnist helgiriti íslam, Kóraninum
 - geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum
 - Þekki helga staði og merkingu þeirra fyrir íslam
- Hindúa
 - Kynnist helgiriti Hindúa, Bhagavad Gita
 - geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum
- Námsleg markmið

þjálfist í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðileg efni og meta það

Viðfangsefni og verkefni

Nemendur eiga að afla sér upplýsinga um eitt trúarbragð og útbúa kynningarveggspjald um það. Á veggspjaldinu eiga nemendur að fjalla um uppruna trúarinnar og reyna að segja sögu hennar. Segja þarf frá helgistöðum, -siðum og hefðum. Einnig þarf að fjalla sérstaklega um merkar persónur sem tengjast trúarbragðinu, t.d. Jesús og Martin Lúter í kristni, Múhameð í íslam eða Siddharta Gautama í Búdda. Æskilegt er að reyna að sýna hvernig áhangendur trúarbragðanna dreifast um heiminn og segja frá því hvernig venjulegt nútímafólk stundar sín trúarbrögð. Að lokum þá eiga allir hópar að búa til 6 spurningar upp úr efni síns veggspjalds og setja þær á spjaldið auk þess að skila þeim til kennara ásamt svörum. Þegar öll veggspjöldin eru tilbúin þá eiga nemendur að svara spurningum af öðrum veggspjöldum en eigin og setja í þemamöppuna.

Í lok þemans þá mun kennari setja upp spurningaleik (jeopardy) milli hópa þar sem spurningar nemenda verða notaðar og TRÚFRÆÐINGURINN 2010 verður krýndur.

Að lokum þá eru nemendur beðnir að huga sérstaklega að heimildavinnu.

Námsmat

- Nemendur halda dagbók bæði í byrjun og lok hvers tíma. Kennari leggur mat á dagbókina.
 - Skráir nemandinn alltaf í dagbók
 - Fer hann eftir forminu
- Kennarinn framkvæmir símat þar sem lagt er mat á frammistöðu hvers nemanda í öllum tímum.
- Sjálfsmat - nemandi metur sjálfan sig með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.
- Jafningjamat - nemandi metur hópfélagana með því að fylla út matskvarða og skila til kennara.
- Kennari leggur mat á svör við verkefnum sem nemendur útbúa sjálfir.

Leiðbeiningar til nemenda

- Í vinnuskýrslu (dagbók) gera nemendur grein fyrir vinnuframlagi allra í hópnum
 - Í byrjun tíma á að segja frá verkaskipting og lýsa hver ætla að gera hvað

- Í lok tíma á að segja frá því hvernig gekk og lýsa því hvað var gert. Einnig á að lýsa því hvernig hópvinnan gekk.
- Nánari leiðbeiningar (sjá viðfangsefni og verkefni ásamt yfirlitsblaði þemaverkefnisins)

Heimildavinnan

- Nemendur vinna með skriflegar heimildir og af neti
 - Leggjum til grundvallar kennslubókina Maðurinn og trúin
 - Einnig má leita á safn og skoða heimildir sem hægt er að finna þar um trúarbrögð
- Vitna skal í heimildir, æfa sig í að skrifa ekki beinar heimildir og umorða texta
- Læra að vinna heimildaskrá, raða í stafrófsröð eftir höfundi, heiti bókar, útgáfufyrirtæki, útgáfustaður og útgáfuár
- Vefslóðir komi aftan við skriflegar heimildir

Undirbúningsvika

- Áhugi nemenda er kveiktur með því að sýna þeim t.d. myndband ef það er möguleiki.
- Kynning á þemavinnunni. (hvað ætlum við að gera?)
- Gerð hugarkort eða haldin umræðufundur og könnuð gróflega forþekking nemenda. (Hér er gott að kennari velti fyrir sér hvort að kennari treysti sér að stjórna umræðum um þetta efni). Ef umræðufundur er haldin þá er gott að halda hugarflæðisfund þar sem allar hugmyndir nemenda eru settar upp á töflu eða á flettisþjald. Þá er hægt að hafa þær á áberandi stað á meðan þemað er í gangi og hægt að vísa í það þegar við á.
- Fara vel yfir skipulag þemans og gefa leiðbeiningar við
 - Heimildaöflun (Hvar getum við fengið upplýsingar um efnið?)
 - Heimildaskrá (Hvernig höldum við utan um upplýsingarnar sem að við öflum?)
 - vinnuskýrslu/dagbók
 - verkaskiptingu-hver gerir hvað?

Hugarflæðisfundur - útgangspunktur umræðu:

- Hvað er trú?
- Af hverju trúum við/ekki?
- Á hvað trúá Íslendingar?
- Hvaða trúarbrögð þekkjum við?
- Hvað vitum við um þessi trúarbrögð
- Hvaða hugmyndir höfum við um fólk sem aðhyllast önnur trúarbrögð en við?

- Hér er sniðugt að flokka í sundur eftir trúarbrögðum sem krakkarnir hafa nefnt áður.

Þemaverkefni 1 Salaskólablaðið á ensku

7. - 8. bekkur

Nemendur búa til blað á ensku sem inniheldur fróðleik, viðtöl og ýmislegt fleira sem nemendum dettur í hug. Efnistöð verða að tengjast Salaskóla, nemendum og starfsfólki öllu. Blaðið er með öllu handunnið, þó fá nemendur aðgang að myndavélum til að taka myndir sem tengjast viðfangsefninu sem unnið er með hverju sinni.

Allur hópurinn býr til sameiginlega lokaafurð, sem er blað gert úr kartoni og plastað í lok þemavinnu. Þegar verkefnið er kynnt munu kennarar draga tvö þemu sem verða meginviðfangsefni hvers hóps. Eitt þemað verður ritstjórnarþema og mun sá hópur sjá alfarið um utanumhald og uppsetningu á blaðinu.

Kveikja – kynning á gömlu Salablaði frá 2006 (heimsókn frá fagaðila). Frekari umræður í hópum með kennara.

Þema

Yngsta stig

Miðstig

Unglingastig

Annað starfsfólk en kennarar

Íþróttir

Menning

Ritstjórn

Félagslíf

Markmið: að nemendur:

- Skoði nærsamfélagið og skrifi um það á ensku.
- Kynnist því hvernig hópur þarf að vinna saman að einni sameiginlegri lokaafurð
- Geri sér grein fyrir umfangi og vinnuferli þess að setja upp tímarit.
- Þekki sitt nánasta umhverfi og samfélagið sem þau lifa í.
- Tengji enskt mál við daglegt umhverfi.
- Geti útskýrt hluti og atburði úr nærsamfélagi, á ensku.

Viðfangsefni og verkefni

Verkefnið felur í sér að búa til handunnið efni í blað. Allt efni sem er sett inn, greinar, auglýsingar, viðtöl, o.s.frv. verður að vera á ensku og myndir

svarthvítar. Mikilvægt er að nemendur noti góða ensku, stafsetning rétt og málfar fjölbreytt sem og að textar séu hnitmiðaðir. Huga þarf vel að innihaldi og lengd í tengslum við uppsetningu blaðsins. Að sjálfsögðu á allt sem í blaðið fer að vera snyrtilegt og vanda skal frágang. Þegar nemendur hafa lokið við tiltekið viðfangsefni, t.d. viðtal, og fengið það samþykkt hjá kennara þá skal skila því í merktan plastvasa sem staðsettur er hjá ritstjórn. Ritstjórn ber ábyrgð á að passa upp á efni sem hefur verið skilað sem og skipulagi blaðsins.

Námsmat

*Virknimat og dagbók 60%

*Kennaramat. Kennari metur efni sem fer í blaðið út frá markmiðunum 30%

*Sjálfsmat 10%

Leiðbeiningar til nemenda

- Öllum nemendahópnum er skipt í fernt.
- Hverjum hópi er úthlutað tveimur þeimur sem þau eiga að fjalla um í blaðinu.
- Umræður og þankahríð um allt sem á að fara í blaðið innan hópanna.
- Kennari skiptir sínum hóp í vinnuhópa.
- Nemendur skipta með sér verkum, þ.e. hvað á að setja í blaðið og hverjir ætla að vinna það.
- Áður en nemendur leggja af stað með eitthvað verkefni þarf samþykki kennara.
- Þegar nemandi skilar af sér afurð (grein, viðtal...) á að setja hana í merktan plastvasa hjá ritstjórn.
- Í dagbók gera nemendur grein fyrir vinnuframlagi sínu.

Undirbúningur

- Áhugi nemenda er kveiktur með því að sýna þeim myndband af því hvernig blað verður til. Sýna nemendum Salablaðið.
- Umræður og þankahríð með í kennarahópum.
- Fara vel yfir skipulag þemans og gefa leiðbeiningar.
- Efni: Myndavélar, blöð, karton, dagblöð og skriffæri.

Gera:

Blað fyrir ritstjórn

Blað fyrir aðra

Redda myndavélum

Redda blöðum

Eldfjöll og eldgos

Verkefni 1 í landafræði

Skilamáti: Frjálst val

Hópur: 1

Spurningar sem þarf að svara:

Hvar verða eldgos?

Eru til margar gerðir eldfjalla og hvernig líta þau út?

Af hverju gjósa eldfjöll?

Hvernig gjósa eldfjöll?

Hvaða áhrifa hafa eldgos á umhverfið?

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna á:

Bókasafni

Kennara

Kennslubók

Internetinu á eftirfarandi síðum

<http://www.islandia.is/hamfarir/>

Góður vefur á Íslensku um ýmiskonar

náttúruhamfarir

<http://search.eb.com/>

Brittanica online, hafsjór af fróðleik á ensku.

<http://www.usgs.gov/>

Jarðfræðistofnun USA

<http://www.volcano.si.edu/>

<http://hraun.vedur.is/ja/eldgos/>

Veðurstofa Íslands

<http://www.visindavefur.hi.is/>

Svo má alltaf leita upplýsinga með leitarvélum á netinu. T.d. leit.is eða Google

Hvernig er ætlunin að skila verkefninu?

Snjóflóð

Verkefni 1 í landafræði

Skilamáti: Frjálst val

Hópur: 2

Spurningar sem þarf að svara:

Hættusvæði á Íslandi?

Eru til margar gerðir Snjóflóða og þá hvernig?

Af hverju og hvernig falla snjóflóð?

Hvernig er hægt að verjast snjóflóðum?

Segja frá snjóflóðum á Íslandi

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

Á bókasafni

Hjá kennara

Í kennslubók

Á internetinu á eftirfarandi síðum:

<http://www.islandia.is/hamfarir/>

náttúruhamfarir

Góður vefur á Íslensku um ýmiskonar

<http://search.eb.com/>

Brittanica online, hafsjór af fróðleik á ensku.

<http://www.vedur.is/>

Veðurstofa Íslands

<http://www.visindavefur.hi.is/>

Svo má alltaf leita upplýsinga með leitarvélum á netinu. T.d. leit.is eða Google

Hvernig er ætlunin að skila verkefninu?

Jarðskjálftar

Verkefni 1 í landafræði

Skilamáti: Frjálst val

Hópur: 3

Spurningar sem þarf að svara:

Hvernig verða jarðskjálftar?

Verða jarðskjálftar á sérstökum stöðum í heiminum?

Af hverju verða jarðskjálftar?

Segja frá stórum skjálftum á Íslandi:

Eru til mismunandi gerðir jarðskjálfta og þá hvernig?

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

Á bókasafni

Hjá kennara

Í kennslubók

Á internetinu á eftirfarandi síðum:

<http://www.islandia.is/hamfarir/>

náttúruhamfarir

Góður vefur á Íslensku um ýmiskonar

<http://search.eb.com/>

Brittanica online, hafsjór af fróðleik á ensku.

<http://www.vedur.is/>

Veðurstofa Íslands

<http://www.visindavefur.hi.is/>

Svo má alltaf leita upplýsinga með leitarvélum á netinu. T.d. leit.is eða Google

Hvernig er ætlunin að skila verkefninu?

Fellibylir og Hvirfilbylir

Verkefni 1 í landafræði

Skilamáti: Frjálst val

Hópur: 4

Spurningar sem þarf að svara:

Lýsið fellibyljum og hvirfilbyljum

Myndast Fellibylir og hvirfilbyljir á einhverjum sérstökum stöðum í heiminum?

Hvernig myndast þessi fyrirbæri?

Segja frá að minnsta kosti einum stórum fellibyl eða hvirfilbyl

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

Á bókasafni

Hjá kennara

Í kennslubók

Á internetinu á eftirfarandi síðum:

<http://www.islandia.is/hamfarir/>

Góður vefur á Íslensku um ýmiskonar

náttúruhamfarir

<http://search.eb.com/>

Brittanica online, hafsjór af fróðleik á ensku.

<http://www.vedur.is/>

Veðurstofa Íslands

<http://www.visindavefur.hi.is/>

Svo má alltaf leita upplýsinga með leitarvélum á netinu. T.d. leit.is eða Google

Hvernig er ætlunin að skila verkefninu?

Flóðbylgjur

Verkefni 1 í landafræði

Skilamáti: Frjálst val

Hópur: 5

Spurningar sem þarf að svara:

Hvernig verða flóðbylgjur til?

Lýsið áhrifum þeirra?

Hver eru áhrif Flóðbylgju

Segja frá að minnsta kosti einni stórri flóðbylgju sem vitað er um

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

Á bókasafni

Hjá kennara

Í kennslubók

Á internetinu á eftirfarandi síðum:

<http://www.islandia.is/hamfarir/>

Góður vefur á Íslensku um ýmiskonar

náttúruhamfarir

<http://search.eb.com/>

Brittanica online, hafsjór af fróðleik á ensku.

<http://www.vedur.is/>

Veðurstofa Íslands

<http://www.visindavefur.hi.is/>

Svo má alltaf leita upplýsinga með leitarvélum á netinu. T.d. leit.is eða Google

Hvernig er ætlunin að skila verkefninu?

Hamfarir af mannavöldum

Verkefni 1 í landafræði

Skilamáti: Frjálst val

Hópur: 6

Spurningar sem þarf að svara:

Hvað eru hamfarir af mannavöldum?

Lýsið áhrifum þeirra?

Veljið tvennskona hamfarir sem verða af mannavöldum og segið frá áhrifum þeirra á umhverfið.

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

Á bókasafni

Hjá kennara

Í kennslubók

Á internetinu á eftirfarandi síðum:

<http://www.islandia.is/hamfarir/>

náttúruhamfarir

Góður vefur á Íslensku um ýmiskonar

<http://search.eb.com/>

Brittanica online, hafsjór af fróðleik á ensku.

<http://www.vedur.is/>

Veðurstofa Íslands

<http://www.visindavefur.hi.is/>

Svo má alltaf leita upplýsinga með leitarvélum á netinu. T.d. leit.is eða Google

Hvernig er ætlunin að skila verkefninu?

Skógareldar

Verkefni 1 í landafræði

Skilamáti: Frjálst val

Hópur: 7

Spurningar sem þarf að svara:

Hvernig byrja skógareldar?

Lýsið áhrifum þeirra?

Finnið upplýsingar um skógareldana sem verið hafa í Portúgal í haust og segið frá því tjóni sem orðið hefur, hvað svæði hefur brunnið og segið frá því hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir skógarelda.

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

Á bókasafni

Hjá kennara

Í kennslubók

Á internetinu á eftirfarandi síðum:

<http://www.islandia.is/hamfarir/>

náttúruhamfarir

<http://search.eb.com/>

<http://www.vedur.is/>

<http://www.visindavefur.hi.is/>

Góður vefur á Íslensku um ýmiskonar

Brittanica online, hafsjór af fróðleik á ensku.

Veðurstofa Íslands

Svo má alltaf leita upplýsinga með leitarvélum á netinu. T.d. leit.is eða Google

Hvernig er ætlunin að skila verkefninu?

Þemaverkefni 7. og 8. bekkur Sjúkdómar af völdum veira eða baktería

Lýsing á verkefninu

- Hópvinna, nemendur vinna saman, tveir til þrír í hópi
- Finna einn sjúkdóm af völdum veiru eða bakteríu sem þið hafið áhuga á að afla ykkur upplýsinga um (t.d. alnæmi, fuglaflensu, svínaflensu, herpes, hlaupabólu, inflúensu, kvef, streptokokkasýkingu, heilahimnubólgu, rauða hunda, lungnabólgu, e-bólu)
- Skrifa fyrirlestur um sjúkdóminn þar sem m.a. kemur fram:
 - Skilgreining á veiru/bakteríu
 - Einkenni sjúkdómsins
 - Smitleiðir
 - Bólusetning, ef hún er til
 - Lyf og lækning við sjúkdómnum ef einhver er
 - Annað áhugavert sem þið finnið
- Fyrirlesturinn á að vera um 2 bls. 12 punkta letur (arial eða verdana), 11/2 línubil.
- Heimildir þurfa að vera fjölbreyttar. Munið að skrá niður heimildir og búa til heimildaskrá.
- Búa til glæruflokk, (a.m.k. 6 glærur), í Powerpoint þar sem aðalatriði fyrirlestarins koma fram. Láta hugmyndaflug, sköpunargleði og listrænt innsæi ráða við gerð glæranna!
- Flytja fyrirlesturinn ásamt glærum
- Kveikja: <http://www.sfjalar.net/>

Námsmat

- Sjálfsmat
- Kennarar meta:

– Áhuga, virkni, og samvinnu	50%
– Glærurnar (efnistök, framsetning og málfar)	30%
– Kynninguna	20%

Markmið

Nemandi á að:

- gera sér grein fyrir að sjúkdómar geta verið af ýmsum orsökum, s.s. veirum, bakteríum
- þjálfast í að nota veraldarvefinn, heimildarit og aðrar upplýsingaveitur
- þjálfist í að flokka upplýsingar eftir gerð og vægi og meta áreiðanleika þeirra
- þjálfist í geta komið frá sér á vandaðan hátt vel ígrunduðum greinargerðum og geti af auknu sjálfstæði aflað sér upplýsinga um tiltekið efni eftir fjölbreyttum leiðum
 - í gegnum tölvusamskipti
 - með heimildavinnu
- þjálfist í að vinna með öðrum, hlusta á reynslu og skoðanir annarra og komast að sameiginlegri niðurstöðu

- Þjálfist í að geta sett niðurstöður athugana sinna fram á skýran og skilmerkilegan hátt
 - munnlega
 - í formi greinargerðar/skýrslu
 - með aðstoð tölvu og annarra rafrænna miðla

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

- Á bókasafni
- Hjá kennara
- Í kennslubókum, m.a. Lífandi veröld, kafli 2 og Lífheimurinn, kafli 2
- Internetinu, til dæmis á:
 - <http://doktor.is/>
 - <http://visindavefur.is/>
 - <http://www.landlaeknir.is/>
 - <http://is.wikipedia.org>
 - <http://visir.is/>
 - <http://timarit.is/>

Gangi ykkur vel 😊

**Þemaverkefni
7. og 8. bekkur
Sögueyjan – kaflar 1-6**

Lýsing á verkefninu

- Hópvinna. Nemendum skipt í 4 hópa og flakka á milli fjögurra stöðva, 3-5 tímar á hverri stöð.
- Hver hópur fer í gegnum alla kaflana, í mismunandi röð. Hópur 1 byrjar á stöð 1, hópur 2 byrjar á stöð 2 o.s.frv.
- Á hverri stöð á að skila verkefnum. Annars vegar spurningum úr bókinni (í lok hvers kafla) og hins vegar stærra verkefni. Sjá neðar.

Námsmat

- **Kennarar meta:**
 - Áhuga, virkni og samvinnu 50%
 - Spurningaverkefni (þemamappan) 20%
 - Verkefni 30%

Markmið

Nemandi á að:

- hafa kannað nokkra valda þætti úr Íslandssögunni og borið saman við grannlöndin
- hafa kynnt sér stjórnunartengsl Íslands og Danmerkur og velt þýðingu þeirra fyrir sér
- hafa sett sig inn í líf og kjör einstaklinga á tímabilinu, óskir og vonir, og leitast við að meta þetta út frá forsendum hvers tíma
- geta velt fyrir sér tengingum í námsefninu og leitað að þráðum og samhengi
- hafa tamið sér að leita að upplýsingum sér til gagns og ánægju um það sem er á dagskrá í sögunámi – á bókasafni, á Netinu, með sambandi við jafnaldra heima og erlendis og á fleiri vegu

- hafa vanist mismunandi leiðum við að tjá söguþekkingu sína og -skilning og kunna að velja á milli þeirra, svo sem í rökræðu og frásögn, í ritgerð og á Netsíðum, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu.
- hafa með árangursríkum hætti unnið verkefni um valda menningarþætti 18. eða 19. aldar, á Íslandi

Fyrsti tími (miðvikud. 16.02): Nemendur komnir í sína hópa. Mæta á þá stöð sem þeir byrja á. Smá inngangur að bókinni og kveikja: Actionary! Nemendur velja sér orð og hugtök út um alla bók, setja miða í pott, er skipt í nokkra hópa, draga miða og leika fyrir sinn hóp. Sá hópur sem fær flest rétt vinnur!!!

Á fimmtudeginum byrjar ballið. Hver stöð tekur 3-4 tvöfalda tíma. Kennari á hverri stöð útfærir efnið sjálfstætt. Sjáum til eftir fyrsta skiptið hvort tíminn er knappur eða rúmur.

Stöð 1: Siðaskiptin (Kafli 2) - Jóhanna

Verkefni A: Svvara spurningunum á bls.17 í þemamöppuna sína. *Einstaklingsverkefni.*
 Verkefni B: Veggspjald sem inniheldur mynd af galdrafari/siðaskiptum/messu/galdrabrennu, kort sem sýnir galdrabrennur á Íslandi, tímaás sem sýnir útbreiðslu mótmælendatrúar í Evrópu og sendibréf frá Íslendingi sem er ákærður fyrir galdra. – *Hópverkefni, 3-4 í hóp.*

Stöð 2: Konungsvald styrkist (Kafli 3) – Hjalti

Verkefni A: Svvara spurningunum á bls. 27 í þemamöppuna sína. *Einstaklingsverkefni*
 Verkefni B: *Leikrit. Búa til leikþátt um Kópavogsfundinn. - Allur hópurinn/2x helmingur/litlir hópar.*

Stöð 3: Bændasamfélagið (Kafli 5) (Kafli 4) - Gunna

Verkefni A: Svvara spurningunum á bls. 47 í þemamöppuna sína. *Einstaklingsverkefni.*

Verkefni B: Ritunarverkefni: Ímyndaðu þér að þú komist í ferðalag um íslenskt sveitasamfélag fyrri alda í gegnum tímavél. Skrifaðu frásögn af því sem fyrir augu ber. Hafðu sérstaklega í huga helstu einkenni sveitasamfélagsins. Skrifaðu einnig frétt af hörmungum í landinu. Þú getur til dæmis miðað við móðuharðindin. Reyndu

að setja þig í spor landsmanna við slíkar aðstæður. - *Einstaklingsverkefni/litlir hópar*
300 orð

Stöð 4: Reykjavík sem höfuðstaður (Kafli 6) - Logi

Verkefni A: Svvara spurningunum á bls. 55 í þemamöppuna sína. *Einstaklingsverkefni*

Verkefni B: Skrifaðu frétt sem segir frá stofnun Innréttinganna og þeim vonum sem menn bundu við þær. Ímyndaðu þér einnig að þú sért embættismaður í Reykjavík um aldamótin 1800. Að lokum skaltu ímynda þér að þú sért nýfluttur til Reykjavíkur um aldamótin 1900. Ættingjar þínir og vinir búi úti í sveit við hefðbundinn búskap. Skrifaðu sendibréf sem gæti verið til þeirra um það hvernig þú upplifir bæinn.-
Einstaklingsverkefni/litlir hópar

Aftur á fyrstu stöð: (Kafli 4): Menning og menntun - Allir

Verkefni A: Svvara spurningunum á bls. 37 í þemamöppuna sína. *Einstaklingsverkefni*

Verkefni B: Nemendur velja tvö (eða fleiri) eftirtalinna verkefna:

- Teiknaðu myndasýrpu eða gerðu veggspjald sem fjallar um brunann í Kaupmannahöfn.
- Teiknaðu nokkrar myndir sem þér finnst lýsa sem best viðhorfum upplýsingarinnar.
- Teiknaðu hópmynd af íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn eins og þú sérð þá fyrir þér.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.
- Aflaðu þér upplýsinga um helstu menntamenn og skáld og merktu inn á kort hvar þeir fæddust og/eða héldu til mestalla sína æfi.

Í lokin er hugmyndin að hafa spurningaleik (Jeopardy) úr efni kaflanna. Spurning með útfærsluna (í hópunum, allir eða jafnvel í bekkjunum?)

Umhverfismennt

7. og 8. bekkur

Lýsing á verkefninu

- Hópvinna, nemendur vinna saman, tveir til þrír í hópi
- Verkefni nemenda er að búa til og fjalla um grænustu fjölskyldu í heimi (!) í máli og myndum
- Afraksturinn verða **flettisþjöld** sem lýsa hvernig fjölskyldan tekst á við ýmsa þætti varðandi daglegt líf og tengsl þess við „græna lifnaðarhætti“
- Flettisþjöldin eru handskrifuð og myndskreytt
- Flettisþjöldin eiga að vera 10 og eftirfarandi þættir eru til umfjöllunar, einn á hverju spjaldi:
 - **Fjölskyldan:** Hvernig hún er samansett, hvað hún gerir. Aldur, búseta, störf...
 - **Ferðamáti:** Hvernig ferðast fólk til vinnu, skóla og tómstunda.
 - **Matseðill í viku:** Innkaup á mat og öðrum nauðsynjum.
 - **Ferðalög:** Hvernig fer fjölskyldan í grænt frí?
 - **Þrifnaður:** Hvernig þrífur maður sjálfan sig, fötin sín og heimilið á umhverfisvænan hátt?
 - **Flokkun:** Hvað flokkar fjölskyldan og hvernig?
 - **Heimilið og umhverfið:** Skipulag og viðhald heimilis og garðs.
 - **Orkunotkun:** Hvernig reynir fjölskyldan að spara orku?
 - **Bíllinn:** Reikna út hvernig fjölskyldan rekur bílinn (ef hún á þá bíl) á sem hagkvæmastan hátt.
 - **Fatnaður:** Hvaðan koma fötin? Hvað kosta þau? Hvert fara þau og hvernig hægt er að „nýta“ fötin betur?
- Aftan á hverju flettisþjaldi er heimatilbúið eða endurnýtt grænt heilræði (slagorð, málshættir... t.d. „allt er vænt sem vel er grænt“ eða „götur eru ekki ruslafötur“)
- Fremst á að vera forsíða sem hæfir verkefninu
- Áður en nemendur hefjast handa við flettisþjöldin vinna þeir gagnvirk verkefni fyrir efsta stig á Heimurinn minn sem er vefur hjá Námsgagnastofnun

Námsmat

- Kennarar meta:
 - Áhuga, virkni, og samvinnu 50%
 - Glærurnar (efnistök, framsetning og málfar) 50%

Markmið

Nemandi á að:

- gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengni hans við náttúruna
- gera sér grein fyrir ábyrgð mannsins á nánasta umhverfi og kynnist leiðum til þess að lifa vistvænu lífni
- vinna verkefni sem bæta umhverfisvitund
- gera sér grein fyrir mikilvægi þess að spara orku og endurvinna hluti
- þjálfast í að nota veraldarvefinn, heimildarit og aðrar upplýsingaveitur
- þjálfast í að flokka upplýsingar eftir gerð og vægi og meta áreiðanleika þeirra

Heimildir sem hægt er að styðjast við má finna:

- Á bókasafni
- Hjá kennara
- Í kennslubókum
- Internetinu, til dæmis á:

www.heimurinn.is

www.natturan.is

www.sorpa.is

www.ust.is (umhverfisstofnun)

Pemaverkefni hjá 9. og 10. bekk 2010-2011

Haustönn

Bærinn minn Kópavogur (30%)

25. ágúst – 17. september

Markmið

Að nemendur:

- læri að afla sér heimilda
- þjálfist í að vinna saman
- æfi sig í að skrifa dagbók, finna hver eru aðalatriðin
- læri að vinna úr heimildum og koma upplýsingum skipulega frá sér
- þjálfist í notkun forritsins Publisher

Lýsing á verkefninu

- Nemendur er skipt í þrjá blandaða hópa
- Hópvinnu, nemendur vinna saman, tveir til fjórir í hóp
- Nemendur útbúa bækling um Kópavog handa ferðamönnum. Þeir eiga að hanna bækling, ráða útliti og umbroti. Vanda verður frágang og málfar
- Nemendur þurfa að afla sér fjölbreyttra heimilda
- Í bæklingnum þarf að koma fram: gisting, matur, samgöngur, verð, afþreying, menning, náttúra, íþróttir, mannlíf, saga – hluti af þeim upplýsingum sem fram koma þurfa einnig að vera á ensku^{og}/eða dönsku
- Hver hópur kynnir sitt verkefni, láta hugmyndaflug, sköpunargleði og listrænt innsæi ráða
- Nemendur halda dagbók yfir verkefnið þar sem þeir gera grein fyrir heimildaöflun, verkefnaskiptingu og vinnuframlagi hvers og eins

Námsmat

- Sjálfsmat (5%)
- Kennarar meta:
 - Dagbókina (20%)
 - Áhuga, virkni, og samvinnu (35%)
 - Bæklinginn (efnistök, framsetning og málfar) (35%)
 - Kynninguna (5%)

Íslenska – kvikmyndagagnrýni (10%)

23. – 27. september

Markmið

Að nemendur:

- læri að kvikmyndagagnrýni er annað og meira en lýsing á myndinni, persónum hennar og söguþræði.
- læri að hugtakið gagnrýni felur í sér mat. Í því felst að rökstyðja þetta mat og skoðun sína á kvikmyndinni.
- æfi sig í að skrifa gagnrýni.

Lýsing á verkefninu

- Nemendur er skipt í þrjá blandaða hópa
- Einstaklingsverkefni.
- Nemendur horfa á kvikmyndina Reykjavík - Rotterdam.
- Nemendur handskrifa gagnrýni um myndina.

Framkvæmd

- Dagur 1: Horft á mynd í 80 mínútur.
- Dagur 2: Myndin kláruð. Nemendum skipt í 3 hópa. Nemendur fara með sínum kennara, fá fyrirmæli um hvernig vinna skal verkefnið. Tvenns kona fyrirmæli til nemenda eftir vinnulægi. Vinna hefst.
- Dagur 3: Nemendur hreinskrifa gagnrýnina undir leiðsögn kennara, þar sem þeir taka tillit til ábendinga. Gagnrýni skilað.

Námsmat

- Kennarar meta út frá matsblaði:
 - Útdráttur 0 - 3 stig
 - 0 stig Enginn útdráttur í verkefninu.
 - 1 stig Allt of löng og ítarleg endursögn.
 - 2 stig Nokkuð góður útdráttur, en of langur og óskipulagður.
 - 3 stig Stuttur en hnitmiðaður texti á vönduðumáli þar sem aðalatriðin koma fram.
 - Gagnrýni og rökstuðningur 0 - 15 stig
 - 0 stig Allt of stutt gagnrýni og engin rökstuðningur.
 - 5 stig Óskipuleg gagnrýni og lítill sem engin rökstuðningur.
 - 10 stig Gagnrýni að eðlilegri lengd og efni. Rök og dæmi til staðar en samhengið án skipulags.
 - 15 stig Mjög ýtarleg gagnrýni byggð á rökstuddum skoðunum og dæmum.
 - Málfar og stafsetning 0 - 3 stig
 - 0 stig Einhæft málfar og margar mál- og stafsetningarvillur.
 - 1 stig Orðfæri einhæft, einkennist af talmáli, talsvert um mál- og stafsetningarvillur.
 - 2 stig Málfar eðlilegt, gott ritmál og eitthvað um mál- og stafsetningarvillur en ekki mikið.
 - 3 stig Mjög góð og fjölbreytt málnotkun. Lítið um mál og stafsetningarvillur.
 - Bygging 3 stig
 - 0 stig Lítil eða engin bygging, vaðið úr einu í annað.
 - 1 stig Upphaf, meginmál og niðurlag renna saman.
 - 2 stig Skil gerð milli upphafs, meginmáls og niðurlags en vaðið úr einu í annað.
 - 3 stig Góð skil milli upphafs, meginmáls og niðurlags, efni skipulega sett fram og í góðu röklegu samhengi.
 - Frágangur 0 - 2 stig
 - 0 stig Ólæsilegt og ósnyrtilegt.
 - 1 stig Texti ekki hreinskrifaður, frágangur mætti vera betri.
 - 2 stig Hreinskrifaður texti, eins snyrtilegt og hægt er.

(Fjölgr.leikar og starfsd. 28.09.-01.10)

Bekkjafundir, kennslustundir og upplýsingamennt

04.- 08. október

Lýsing á verkefninu

- Bekkjarskipting eftir meðfylgjandi stundatöflu
- Umsjónarkennarar eru með bekkjafundi í sínum tímum
- Fagkennarar kenna sitt fag í sínum stundum
- Upplýsingamennt á bókasafni og í tölvuveri hjá Kristínu Björk og Huldu

Námsmat

- Nemendur fá munnlegt námsmat frá viðkomandi kennara í kennslustundunum

Mánud. 10:40-12:00	Þriðjud.	Miðvikud. 10:40-12:00	Fimmtud. 10:40-12:00	Föstud. 10:40-12:00
Kjóar Kristín F14		Kjóar Logi F15	Kjóar Kristín F14	Kjóar Bókasafn
Krummar Bókasafn		Krummar Rúnar F16	Krummar Jóhanna D02	Krummar Rúnar F16
Smyrlar Jóhanna D02		Smyrlar Rannveig D11	Smyrlar Bókasafn	Smyrlar Rannveig D11

Svölur Rannveig D11		Svölur Bókasafn	Svölur Rannveig D11	Svölur Logi F15
------------------------	--	--------------------	------------------------	--------------------

(For.viðtöl 10. og 11. okt.)

Tónlistarsaga – enska (30%)

13. okt. – 05. nóv.

Markmið

Að nemendur

- læri að afla sér heimilda
- þjálfist í að vinna saman
- læri að búa til plakat þar sem bæði útlit og innihald skipta máli
- þjálfist í að flytja verkefni sitt fyrir hóp

Markmið í sögu

Að nemendur:

- kynni sér tísku og skemmtanir á árunum í kringum seinna stríð
- fylgi ferli tónlistariðkunar sem hefur markast af tæknilegum möguleikum, t.d. með rafmögnum hljóðfærum, segulböndum, hljóðgervlum og tölvum
- kanni breytta hlustun á tónlist vegna tækninýjunga, frá handsnúnum plötuspilurum til útvarps og geislaspilara — í ljósi valfrelsis og markaðshagsmuna, fjölbreytileika og einhæfni
- skoði tísku og tónlist sem kennd hefur verið við unglunga og unglíngamenningu og reki þróun ákveðinna þátta
- greini áhrifavalda og fyrirmyndir unglíngamenningar
- leiti sambands milli tækni og tjáningar, tísku og frelsis

Markmið í ensku

- Hlustun:
 - Að nemendur skilji og geti nýtt sér inntak í stuttu erindi um efni sem er honum kunnugt
- Lestur:

Að nemendur:

 - kunni að nota orðabækur og orðasöfn, t.d. ensk-enskar orðabækur
 - geti lesið sér til gagns og fróðleiks aðgengilegt fræðsluefni, t.d. úr tímaritum og rafrænum miðlum
- Ritun:

Að nemendur:

 - kunni að haga orðum sínum í samræmi við aðstæður, viðtakanda, tilgang ritunar og gerð texta
 - geti skrifað skipulegan texta um kunnuglegt efni, skipt í efnisgreinar og beitt nokkurri nákvæmni í málfari
- Talað mál – frásögn

Að nemendur:

 - geti tjáð sig skýrt og skiljanlega með eðlilegum áherslum og hrynjandi
 - geti flutt stutt undirbúið erindi um viðfangsefni sem hann hefur aflað sér heimilda um

Lýsing á verkefninu

- Nemendur er skipt í þrjá blandaða hópa
- Hópvinnu, nemendur vinna saman, tveir til þrjár í hóp
- Hver hópur dregur eina tónlistastefnu hjá kennara og fjallar um hana.

Hópurinn á að hanna veggspjald um tónlistarstefnuna. Veggspjaldið á að vera á ensku og allt á því handskrifað. Vanda verður frágang og málfar.

- Nemendur þurfa að afla sér fjölbreyttra heimilda.
- Á veggspjaldinu þarf að vera tímaás. Á tímaásnum á m.a. að koma fram uppruni stefnunnar (tími/land), frægir listamenn/hljómsveitir, frægir atburðir, fræg dauðsföll og fleira.
- Hver hópur á einnig að semja 5 spurningar um sína tónlistarstefnu og þurfa svörin að finnast á veggspjaldinu. Hinir hóparnir þurfa svo að svara þessum spurningum.
- Hver hópur kynnir sitt verkefni á ensku. Látið hugmyndaflug, sköpunargleði og listrænt innsæi ráða.
- Í lok verkefnis verður svo spurningarkeppni þar sem spurningar nemenda verða notaðar.

Námsmat

- Sjálfsmat 10%
- Kennarar meta:
 - Virkni í tímum 40%
 - Veggspjald 30%
 - Kynninguna 20%

(Vetrarfrí 25. og 26. nóv.)

Móðurmálsvika – Þjóðsögur og ævintýri

08. – 15. nóvember

Markmið

Að nemendur:

- kynnist íslenskum þjóðsögum og ævintýrum
- þjálfist í hlustun, lestri, áhorfi, ritun og skriflegri og myndrænni úrvinnslu

Lýsing á verkefninu

- Nemendur er skipt í þrjá blandaða hópa
- Viðfangsefni:
 - Hlustun, áhorf og myndræn úrvinnsla: Þjóðsagan Djákninn á Myrká lesin og horft á mynd frá Hrafnagilsskóla. Lykilsetningar skráðar á blað, klipptar út og þeim skipt niður á nemendur. Nemendur búa til myndir út frá lykilsetningum (svart-hvítar klippimyndir þar sem pappírinn er rifinn).
 - Hlustun og ritun: Kennarinn les þjóðsögur fyrir nemendur og þeir semja síðan sína þjóðsögu.
 - Lestur og endursögn: Nemendur velja sér sögu úr bókinni *Trunt trunt og tröllin í fjöllunum*, kynna sér hana vel og endursegja hana síðan.
 - Lestur og verkefnavinna: Nemendur lesa þrjár sögur að eigin vali úr bókinni *Trunt trunt og tröllin í fjöllunum* og vinna þau verkefni sem þeim fylgja.
 - Lestur og umræður: Nemendur lásu nútíma draugasöguna *Rauð húfa* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur úr bókinni *At*.
 - Nemendur glíma við vísnaðgátur

Námsmat

- Nemendur fá námsmat frá viðkomandi kennara í kennslustundunum

Jólaþema – stærðfræði í daglegu lífi (30%)

17. nóv. – 07. des.

Markmið

Að nemendur:

- læri að afla sér heimilda
- þjálfist í samvinnu
- þjálfist í að nota þá stærðfræði sem þeir búa yfir, í daglegu lífi
- læri að vinna úr heimildum og koma upplýsingum skipulega frá sér
- þjálfist í að nota PowerPoint

Lýsing á verkefninu

- Nemendum er skipt í þrjá blandaða hópa. Innan hvers hóps fá nemendur að velja sér samstarfsfélaga; 2-4 vinna saman.
- Hver hópur býr sér til fjölskyldu og gerir ættartré.
- Kennarar útbúa miða með starfsheitum og hver hópur dregur störf fyrir þá sem eru fyrirvinnur í fjölskyldunni og aflar sér upplýsinga um launakjör þeirra.
- Verkefnið felst síðan í því að finna út kostaðinn hjá fjölskyldunni við að halda jóla. Kaupa þarf jólagjafir, föt, mat og annað sem nemendur telja nauðsynlegt. Taka þarf tillit til fjárráða fjölskyldunnar.
- Verkefninu er skilað í glærusýningu í PowerPoint.

Námsmat

- Virkni 30%
- Verkefnið - glæru sýningin (ppt) 70%

Þemaverkefni hjá 9. og 10. bekk 2010-2011

Vorönn

Íslenska - Málfræði

5., 6. og 7. janúar

Lýsing á verkefninu

- Nemendum er skipt í þrjá blandaða hópa.
- Námsfni í íslensku unnið í þematímum.
- Bekkjartímar í íslensku eru aðeins fjórir á viku og því er hluti námsefnisins unnið í þematímum.
- Einstaklingsvinna - vinna málfræði í *Finni*.
- Nemendur nota Málfinn og Skrifinn er þeir vinna verkefni.
- 10. bekkur - Finnur III (bls. 17, 19, 21, 23, 25, 27, 29, 31, 33, 35, 37)
- 9. bekkur - Finnur II (bls. 7, 8, 9, 10, 11, 12, 15, 17, 18, 20, 21, 22 og 23)

Námsmat

- Virknimat: nemendur fá virknieinkunn eftir hvern tíma. Meðaleinkunn úr virknimatinu reiknast sem námsmat í þessu þema.

Bókmenntir – íslenskir höfundar (20%)

10. - 20. janúar

Markmið

Að nemendur:

- kynnist íslenskum rithöfundum
- lesi verk eftir íslenska rithöfunda
- þjálfist í að leita heimilda í bókum og á netinu
- þjálfist í að vinna verkefni úr heimildunum
- þjálfist í að undirbúa sig fyrir munnlega kynningu
- öðlist færni í að koma fram og kynna verkefni sín

Lýsing á verkefninu

- Nemendum skipt í þrjá blandaða hópa
- Einstaklingsverkefni eða tveir vinna saman
- Nemendur velja sér rithöfund af lista frá kennurum. Þeir kynna sér höfundinn og verk hans og velja sér eina af bókum hans til að lesa. Ef tveir vinna saman, þá velja þeir sína bókina hvor til að lesa eftir þann höfund.
- Vikuna 10. – 14. janúar nota nemendur til að afla sér upplýsinga um höfundinn og skrá helstu atriðin – í tölvu. Þeir nota einnig þessa viku til að lesa bókina og undirbúa kynningu – búa til punkta.
- Dagana 17., 19. og 20. janúar fer fram kynning, þar sem nemendur kynna þann höfund sem þeir völdu og bókina sem þeir lásu, fyrir samnemendum sínum og kennurum.
- Nemendur skila einnig skriflegu verkefni til kennara; um höfund og punkta sem þeir notuðu við að kynna bókina sem þeir lásu.

Námsmat

- Virkni í tímum 20%
- Kynning 50%
- Skrifleg skil 30%
(innihald, uppsetning og frágangur, málfar og stafsetning)

(Foreldraviðtöl 21.01.)

Að flytja ræðu - ræðukeppni (færa rök með og á móti) (10%)

24, 26., 27., 28. og 31. janúar

Markmið

Að nemendur:

- geti samið og flutt texta fyrir framan hóp af jafningjum.
- geti fært rök fyrir máli sínu á skipulegan og skilvirkan máta.

Lýsing á verkefninu

- Nemendum er skipt í þrjá blandaða hópa
- Nemendur fá það verkefni að semja ræðu og geta valið um að gera það sem einstaklingsverkefni eða í 2 og 2 saman.
- Nemendur eiga að búa til ræðu þar sem þeir eru meðmæltir einu fyrirframgefnu atriði og mótmæltir öðrum tveimur. Í þessu verkefni verður fjallað um knattspyrnu, körfubolta og handbolta. Kennari skiptir hópunum jafnt á íþróttagreinarnar.
- Nemendur mega vinna verkefnið sem einstaklings- eða hópverkefni (2-3 í hóp). Semja ræðu þar sem færð eru rök fyrir því af hverju ein greinin er betri en hinar tvær. Nemendur fá aðgang að bæklingum með helstu atriðum um íþróttagreinarnar.
- Að því loknu eiga nemendur að flytja ræðuna sína frammi fyrir hópnum sem þeir eru í.

Áætlaður tími: Ein vika; nemendur semja ræðu og flytja fyrir hópinn í 4. skipti. Séu nemendur búnir með ræðuna sína þurfa þeir að æfa hana og telji þeir sig fullæfða eiga þeir að nýta tíman til að vinna í áætlun í einhverju fagi.

Kennsla: Farið yfir með nemendum hvernig ræða er upp byggð. Leitað í staðreyndir um greinarnar og farið yfir hvernig maður raðar rökum sínum frá veikum til sterkra.

Námsmat

- Vinnueinkunn 60%
- Ræðueinkunn 40%

Enska og íslenska

2., 3., 4. og 7. febrúar

Lýsing á verkefninu

- Bekkjarskipting eftir meðfylgjandi stundatöflu

Miðvikud. 02. febr.	Fimmtud. 03. febr.	Föstud. 04. febr.	Mánud. 07. febr.
Kjóar Enska - Logi	Kjóar Íslenska - Kristín	Kjóar Enska - Rúnar	Kjóar Íslenska - Kristín
Krummar Íslenska - Rannveig	Krummar Enska - Rúnar	Krummar Íslenska - Rannveig	Krummar Íslenska - Rannveig
10. bekkur Enska - Rúnar	10. bekkur Íslenska - Rannveig	10. bekkur Enska - Logi	10. bekkur Enska - Rúnar

Námsmat

Nemendur fá munnlegt námsmat frá viðkomandi kennara í kennslustundunum

Áhugasviðspema (20%)

09. – 23. febrúar

Markmið

Að nemendur

- vinni verkefni að eigin vali
- kafi djúpt ofan í viðfangsefnið
- geti valið hvernig þeir skila verkefninu og nýti til þess þá kunnáttu og hæfni sem þeir hafa öðlast í fyrri verkefnum vetrarins

Lýsing á verkefninu

- Nemendum er skipt í þrjá blandaða hópa
- Einstaklingsverkefni eða tveggja manna hópar. Í einstaka tilfellum leyfum við þriggja manna hópa, góð rök skilyrði.
- Nemendur vinna verkefni tengdu áhugasviði sínu.
- Skil á verkefni valfrjálst:
 - Munnlega
 - Skriflega (ritgerð)
 - Veggspjald
 - Skyggjur (PowerPoint)
 - Bæklingur

Námsmat

- Virkni í tímum 50%
- Verkefni 50%

(Vetrarfrí 24. og 25. febrúar)

(Skipulagsdagur 28. febrúar)

Samfélagsmein - hópar (20%)

02. – 18. mars

Markmið

Að nemendur:

- kynnist helstu meinum samfélagsins í víðum skilningi þess orðs.

- afli sér upplýsinga um eitthvað samfélagsmein, setji sig í spor rannsakanda og átti sig á eiginleikum þess og skilji orsakir þess.
- geti tjáð sig um og útskýrt umfjöllunarefni sitt.

Lýsing á verkefninu

- Nemendum er skipt í tvo blandaða hópa og innar þeirra er nemendum skipt upp í tveggja manna teymi sem dregur eitt samfélagsmein sem fjalla skal ýtarlega um.
- Nemendur vinna verkefnið í Word eða PowerPoint
- Nemendur eiga svo að kynna sitt viðfangsefni fyrir hópnum. Allir hópar þurfa að búa til þrjár spurningar upp úr sínu efni sem nemendur þurfa svo að svara í lok þema (próf).
- Listi yfir samfélagsmein sem fjalla á um:
Mannsal, hungursneyð, ofbeldi gegn konum, barnaþrælkun, pyntingar, fjöldamorð/raðmorð, kvennamisrétti, vændi, fátækt, harðstjórn, kynþáttafordómar, líffærasvartamarkaðsbrask, eiturlyfaneysla, skólaskotárásir, hryðjuverk
- Nemendur vinna eftir og útfra eftirfarandi:
 - Hvað er þetta?
 - Hvar er þetta að finna?
 - Af hverju kemur þetta fram?
 - Nemandi leitar eftir útskýringum sérfræðinga og/eða setur fram eigin rökstuddar tilgátur.
 - Þekkt atvik – nefna dæmi – fjalla um ýtarlega.

Námsmat

- Vinnueinkunn og flutningur 80%
- Próf 20%

(9. bekkur á Laugum og 10. bekkur í vinnustundum 21. – 25. mars)

Árshátíðarundirbúningur/Heimavistarskólapema

28. mars – 15. apríl

Markmið

Að nemendur:

- geti haft áhrif á það hvernig árshátíðin þeirra er
- fái tíma og tækifæri til að undirbúa árshátíðina á skólatíma
- fái útrás fyrir sköpunargleði sína
- fái að vinna með félögum sínum við undirbúning árshátíðarinnar

Lýsing á verkefninu

- Árshátíðarundirbúningur
 - Kennari spyr nemendur hvað það er sem gerir árshátíð skemmtileg og skrifar svör þeirra á töfluna.
 - Nemendur velja sér viðfangsefni og vinnufélaga.
 - Viðfangsefni: kennaragrín, skreytingar, þema, auglýsingar, tónlist, happdrætti, video.
 - Nemendur vinna í sínum hópum undir handleiðslu kennara.
 - Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og afrakstri hópsins sem þeir eru í.
- Annað

- Nemendur vinna verkefni um heimavistarskóla, þar sem þeir nota spurningalista og taka viðtöl við fullorðið fólk sem hefur verið í heimavistarskóla (í samvinnu við rannsóknarmiðstöð í Þjóðfræði).
- Þeir nemendur sem það kjósa nota tímann til að vinna í námsefni sínu.

(18 - 26. apríl; páskafri)

Smiðjur (30%)

27. apríl – 23. maí

Markmið

- Að nemendur vinni fjölbreytt verkefni
- Að kennarar bjóða upp á viðfangsefni þar sem hæfni þeirra og kunnátta fær best notið sín

Lýsing á verkefnum

- Nemendur er skipt í þrjá blandaða hópa
- Allir hópar fara í allar þrjár smiðjurnar, þ.e. til allra kennara (sjá meðfylgjandi töflu)

	Miðvikudagur 27. apríl Logi: Hópur A Rannveig: Hópur B Rúnar: Hópur C	Fimmtudagur 28. apríl Kristín: Hópur A Rannveig: Hópur B Rúnar: Hópur C	Föstudagur 29. apríl Logi: Hópur A Rannveig: Hópur B Rúnar: Hópur C
Mánudagur 02. maí Kristín: Hópur A Rannveig: Hópur B Rúnar: Hópur C	Miðvikudagur 04. maí Logi: Hópur A Rannveig: Hópur B Rúnar: Hópur C	Fimmtudagur 05. maí Kristín: Hópur B Rannveig: Hópur C Rúnar: Hópur A	Föstudagur 06. maí Logi: Hópur B Rannveig: Hópur C Rúnar: Hópur A
Mánudagur 09. maí Kristín: Hópur B Rannveig: Hópur C Rúnar: Hópur A	Miðvikudagur 11. maí Logi: Hópur B Rannveig: Hópur C Rúnar: Hópur A	Fimmtudagur 12. maí Kristín: Hópur B Rannveig: Hópur C Rúnar: Hópur A	Föstudagur 13. maí Logi: Hópur B Rannveig: Hópur C Rúnar: Hópur A
Mánudagur 16. maí Kristín: Hópur C Rannveig: Hópur A Rúnar: Hópur B	Miðvikudagur 18. maí Logi: Hópur C Rannveig: Hópur A Rúnar: Hópur B	Fimmtudagur 19. maí Kristín: Hópur C Rannveig: Hópur A Rúnar: Hópur B	Föstudagur 20. maí Logi: Hópur C Rannveig: Hópur A Rúnar: Hópur B
Mánudagur 23. maí Logi: Hópur C Rannveig: Hópur A Rúnar: Hópur B			

- Viðfangsefni í smiðjunum
 - Logi: Heimasíðugerð
 - Rúnar: Enska – horfa á mynd og svara spurningum + borðspil
 - Rannveig: Íslenska – ritun og skapandi skrif + ferð í þjóðmenningarhúsið
9. bekkur vann lesskilningsverkefni, rökfærsluritu og stílrítun.
10. bekkur skrifaði sögu út frá mynd og setningu.
 - Kristín: Ferð á Bókasafn Kópavogs + undirbúningur fyrir stærðfræði próf

Námsmat

Vinnueinkunn 10 % í hverri smiðju (3x10%=30%)

Kristín Einarsdóttir

